

273. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 5. mars 2015 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

**Mættir:**



Kristín Björg Árnadóttir  
 Kristjana Hermannsdóttir  
 Björn H Hilmarsson  
 Rögnvaldur Ólafsson  
 Baldvin Leifur Ívarsson  
 Fríða Sveinsdóttir  
 Kristján Þórðarson  
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Óskaði hún eftir að taka inn með afbrigðum sem 20. lið undirskriftarlista vegna bílastæðis og aðgengis að leikskólanum Kríubóli. Var það samþykkt og að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**

1. **Björn Arnaldsson, hafnarstjóri, mætir á fundinn, sbr. 259. fund bæjarráðs.**  
 Björn var boðinn velkominn á fundinn. Fór hann yfir öryggismál hafnanna í Snæfellsbæ. Var Birni þökkuð koman og vék hann af fundi.
2. **Fundargerð atvinnuveganefndar, dags. 3. febrúar 2015.**  
 Bæjarstjórn vekur athygli á því, varðandi 2. lið, að það er þegar í vinnslu kynningarbæklingur fyrir Snæfellsbæ.  
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
3. **Fundargerð 125. fundar menningarnefndar, dags. 30. janúar 2015.**  
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
4. **Fundargerð 824. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. janúar 2015.**  
 Lagt fram til kynningar.
5. **Fundargerð 825. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. febrúar 2015.**  
 Lagt fram til kynningar.
6. **Fundargerði 372. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 13. febrúar 2015.**  
 Lagt fram til kynningar.
7. **Fundargerð 17. fundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 11. febrúar 2015.**  
 Lagt fram til kynningar.
8. **Fundargerð 114. fundar stjórnar SSV, dags. 28. janúar 2015.**  
 Lagt fram til kynningar.
9. **Fundargerð hluthafafundar Jeratúns ehf., dags. 26. janúar 2015.**  
 Lagt fram til kynningar.
10. **Fundargerð 2. fundar eigendaráðs Svæðisgarðsins Snæfellsness, dags. 25. júlí 2014.**  
 Lagt fram til kynningar.
11. **Fundargerð framkvæmdastjórnar Svæðisgarðsins Snæfellsness, dags. 25. júlí 2014.**  
 Lagt fram til kynningar.

12. Fundarboð aðalfunda SSV, Sorpurðunar Vesturlands, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Vesturlandsstofu og Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, sem allir verða haldnir miðvikudaginn 25. mars n.k.  
Lagt fram til kynningar.
13. Bréf frá Sorpuðrun Vesturlands, dags. 23. febrúar 2015, varðandi skráningu póstnúmera m.t.t. uppruna úrgangs.  
Lagt fram til kynningar.
14. Bréf frá Jóni Jóel Einarssyni, dags. 1. mars 2015, varðandi hugmynd að þjónustuklasa á Snæfellsnesi.  
Bæjarstjórn telur hugmyndina áhugaverða en að sveitarfélagið sé ekki rétti aðilinn til að standa að þessu verkefni.
15. Bréf frá formanni íþróttá- og æskulýðsnefndar, dags. 23. febrúar 2015, varðandi frjálsar íþróttir í sumar.  
Bæjarstjórn bendir á að á Lýsuhóli er mjög skemmtilegt svæði fyrir frjálsar íþróttir og á Hellissandi eru líka ágæt svæði sem hægt er að nýta fyrir æfingar. Bæjarstjórn bendir íþróttá- og æskulýðsnefnd að vera í samvinnu við íþróttá- og æskulýðsfulltrúa um það hvaða svæði hentar best.
16. Minnisblað frá bæjarstjóra, dags. 2. mars 2015, varðandi áframhaldandi rekstur á Bangsakoti.  
Bæjarstjórn samþykkti að fresta ákvarðanatöku fram að aprílfundi bæjarstjórnar.
17. Skipun aðila í nefnd um málefni fatlaðra.  
Tillaga kom um Björn H Hilmarsson, Gunnhildi K Hafsteinsdóttur, Guðrúnu Kristinsdóttur, Guðrúnu Þórðardóttur og Sigríði Þórarinsdóttur.  
Tillagan var samþykkt samhljóða.
18. Skipun aðila í ungmannaráð.  
Tillaga kom um Guðlaugu Írisi Jóhannsdóttur, Lenu Örvarsdóttur, Steinþór Stefánsson og Vigni Stefánsson.  
Tillagan var samþykkt samhljóða.
19. Árshátið starfsmanna Snæfellsbæjar.  
Árshátið starfsmanna Snæfellsbæjar verður haldin í Klifi laugardaginn 21. mars n.k.
20. Undirskriftarlisti vegna aðgengis að leikskólanum Kríubóli á Hellissandi.  
Bæjarstjórn tekur undir það að aðgengi að leikskólanum er ekki í nægilega góðu horfi. Við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2015 voru settir fjármunir í að hefja vinnu við að laga aðgengið og hefur þegar verið rætt við landslagsarkitekt sem mun mæta hingað á næstunni, til að taka út svæðid og teikna það upp þannig að það verði ásættanlegt. Að því loknu er hægt að gera kostnaðar- og verkáætlun og byrja á framkvæmdum.
21. Minnispunktar bæjarstjóra.
- Bæjarstjórn vill þakka þeim sem hafa staðið að skipulagningu heilsuvikunnar sem stendur nú yfir. Þetta hefur tekist afskaplega vel og ánægjulegt hversu góð þátttaka er hjá bæjarbúum og fyrirtækjum.
  - Rætt um meðferð tilkynninga til Snæfellsbæjar.
  - Bæjarstjóri gerði grein fyrir því að komin er stefna frá Almennu umhverfisþjónustunni.
  - Bæjarstjóri kynnti staðgreiðsluyfirlit janúarmánaðar.
  - Bæjarstjóri minnti á fundinn um aðalskipulagið sem haldinn verður í Klifi, fimmtudaginn 12. mars n.k. og hefst hann kl. 20:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:00

Kristín B. Árnadóttir  
Kristín Björg Árnadóttir

Kristjana Hermannsdóttir  
Kristjana Hermannsdóttir

Baldvin Leifur Ívarsson  
Baldvin Leifur Ívarsson

Björn H. Hilmarsson  
Björn H. Hilmarsson

Fríða Sveinsdóttir  
Fríða Sveinsdóttir

Rögnvaldur Ólafsson  
Rögnvaldur Ólafsson

Kristinn Jónasson  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Kristján Þorðarson  
Kristján Þorðarson

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari